Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

FRAMSÝN

STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Misráðin sameining

Hressir krakkar í Borgarhólsskóla

Námsstyrkir hækkaðir

1. tbl. 31. árgangur • Feb. 2020

Forsíða
Þessir tveir eiga það sameiginlegt að vera magnaðir og starfa hjá þjónustumiðstöð Vegagerðarinnar á Húsavík. Þetta eru þeir Þórir Stefánsson og Sigurður Skúlason sem voru við störf í Reykjadalnum þegar formaður Framsýnar heilsaði upp á þá. Að venju voru þeir hressir þrátt fyrir heldur leiðinlegan vetur.

ÚTGEFENDUR
Þingiðn, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík
SÍMI
464 6600
NETFANG
kuti@framsyn.is
HEIMASÍÐA
www.framsyn.is
ÁBYRGÐARMAÐUR
Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 14. feb. 2020

UPPLAG
1800
HÖNNUN/UMBROT OG PRENTUN
Ásprent, Akureyri

Gleði í aðventukaffi

Að venju voru stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum með opið hús fyrir gesti og gangandi á aðventu, það er laugardaginn 15. desember. Fjölmargir lögðu leið sína í kaffið. Boðið var upp á tertur með kaffinu og tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Húsavíkur. Yfir 150 manns mættu í þessa árlegu gleði sem tókst í alla staði mjög vel. Stéttarfélögin þakka gestum og tónlistarmönnum fyrir komuna og skemmtunina. Meðfylgjandi myndir voru teknar í jólaboðinu.

Páskaúthlutun íbúða

Stéttarfélögin auglýsa páskaúthlutun orlofsíbúða í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri. Hægt er að sækja um íbúðirnar frá 07.04.2020. – 14.04.2020 eða í viku tíma og sitja þeir fyrir sem leigja vikuna, þegar þeirri úthlutun er lokið fara aðrir dagar í dagsleigu og eða helgarleigu. Vinsamlegast sendið umsóknir á linda@framsyn.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2020. Haft verður samband við alla sem sækja um.

Misráðin sameining Atvinnuþróunarfélaga í Eyjarfirði og Þingeyjarsýslum

Nýverið samþykktu sveitarfélögin við Eyjafjörð og í Þingeyjarsýslum að sameina Atvinnuþróunarfélög Eyjafjarðar og Þingeyinga við landshlutasamtökin Eyþing. Þessi nýju samtök kalla sig Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Ákvörðun um þetta var tekin af meirihluta í þeim sveitarstjórnum í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum sem mynda kjölfestuna í hinu nýja félagi. Hvorki almennir íbúar eða fyrirtæki höfðu sérstakt vægi við þessa ákvörðun og heyrðu einungis af henni í fjölmiðlum. Þannig voru ekki haldnir kynningarfundir fyrir íbúa eða fyrirtæki í aðdraganda þessarar ákvörðunar.

Samtök atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA) og Framsýn stéttarfélag hafa átt sinn fulltrúann hvort í stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um árabil. Báðir þeir stjórnarmenn voru skeptískir á þennan samruna sem myndað hefur SSNE enda þótti þeim óljóst hver hagræðið ætti að vera fyrir stuðning við atvinnulíf í Þingeyjarsýslum. Auk þess óttuðust þeir að völd og ákvarðanataka hins nýja félags myndu verða á Akureyri vegna ójafns íbúafjölda. Afstaða SANA og Framsýnar gat ekki komið í veg fyrir samrunann enda hafa sveitarfélögin sjálf lang mest vægi innan félaganna þriggja.

Nú hefur komið í ljós það sem fulltrúar SANA og Framsýnar óttuðust – þ.e. að í samþykktum hins nýja félags SSNE stendur skýrum stöfum að stjórnarformaður nýja félagsins skuli um ókomna tíð koma frá Akureyri hvað sem tautar og raular. Nýráðinn framkvæmdastjóri SSNE er svo auk þess einnig búsettur á Akureyri. Meirihluti stjórnar verður frá Eyjafjarðarsvæðinu í krafti íbúafjölda. Í samþykktunum

kemur þó fram að varnarþing skuli vera á Húsavík en það hefur augljóslega lítið vægi miðað við hin atriðin.

Stjórn SANA og Framsýnar skora hér með á sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum að ganga tafarlaust úr nýstofnuðu félagi enda liggur fyrir að völd og ákvarðanataka verður öll utan Þingeyjarsýslna og því mun betur heima setið fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga en af stað farið.

Húsavík, 7. febrúar 2020

Í stjórn SANA,
Guðmundur Vilhjálmsson formaður, framkvæmdastjóri Garðvíkur ehf.
Valdimar Halldórsson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar hf.
Helgi Kristjánsson, framkvæmdastjóri Gríms ehf.

Fyrir hönd Framsýnar,
Aðalsteinn Á. Baldursson formaður

Gengið frá kjarasamningi við Landsvirkjun

Starfsgreinasamband Íslands gekk frá nýjum kjarasamningi við Landsvirkjun í febrúar sem tekur við af fyrri samningi sem rann út 31. desember 2018. Samningurinn gildir til 1. nóvember 2022. Samningurinn byggir að mestu á Lífskjarasamningnum. Til viðbótar þeim samningi kemur til vinnutímastytting hjá starfsmönnum og launaflokkar vegna reynslu og menntunar. Atkvæðagreiðslu um samninginn er nú lokið og var hann samþykktur meðal félagsmanna Framsýnar. Kjarasamningurinn nær til félagsmanna Framsýnar sem starfa við Kröflu- Laxár- Bjarnaflags- og Þeistareykjavirkjun. Formaður Framsýnar tók þátt í viðræðunum sem staðið hafa yfir undanfarna mánuði með hléum. Meðfylgjandi mynd er tekin við undirritun samningsins í húsnæði Starfsgreinasambands Íslands.

Kjarasamningur sveitarfélaga samþykktur

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning 17 aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga liggur nú fyrir og var samningurinn samþykktur með miklum meirihluta. Starfsgreinasambandið hélt utan um sameiginlega rafræna atkvæðagreiðslu meðal 16 aðildarfélaga um nýjan samning, en AFL Starfsgreinafélag sá sjálft um sína atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan stóð yfir á tímabilinu 3. til 10. febrúar. Í heildina var kjörsókn 32,83%. Já sögðu 80,55% en nei sögðu 16,33%. 3,12% tóku ekki afstöðu. Á kjörskrá þessara 17 aðildarfélaga SGS voru 4.197 manns.

Innan Framsýnar voru 275 á kjörskrá. Alls kusu 128 eða 46,55% félagsmanna á kjörskrá. Já sögðu 120 eða 93,75%, nei sögðu 7 eða 5,47%, auðir seðlar eða ógildir 1 eða 0,78%. Kjarasamningurinn skoðast því samþykktur hjá Framsýn stéttarfélagi með miklum meirihluta.

Forsvarsmenn Framsýnar fóru um félagssvæðið og kynntu kjarasamninginn fyrir félagsmönnum. Almenn ánægja er með samninginn enda samþykktu tæp 94% félagsmanna samninginn. Kosningaþátttakan var mjög góð eða ein sú besta meðal aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins.

Trúnaðarmanna-námskeið í boði

Stéttarfélögin standa fyrir tveggja daga trúnaðarmanna-námskeiði dagana 16 – 17 apríl nk. Námskeiðið verður haldið á Húsavík. Skráning fer fram hjá Félagmálaskóla alþýðu og þar er hægt að skrá sig inn á Mínar síður eða með rafrænum skilríkjum https://www.felagsmalaskoli.is/ eða með því að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Námskeiðin eru trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu og eru bæði fræðandi og skemmtileg. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga trúnaðarmenn rétt á að sækja slík námskeið á vinnutíma án skerðingar launa.

Trúnaðarmannanámskeiðin hafa verið vel sótt af félagsmönnum. Á öllum vinnustöðum þar sem starfa 5 eða fleiri starfsmenn eiga að vera starfandi trúnaðarmenn. Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Atvinnu- og byggðamál til umræðu hjá Framsókn

Það er til mikillar fyrirmyndar þegar stjórnmálasamtök, önnur samtök og félög kalla eftir skoðunum stéttarfélaga á velferðarmálum og málefnum líðandi stundar. Sem dæmi má nefna að formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, var gestur á fjölmennum og áhugaverðum bæjarmálafundi Framsóknarfélagsins á Húsavík. Ásamt honum var Guðmundur Vilhjálmsson frá SANA, samtökum atvinnurekanda í Þingeyjarsýslum gestur fundarins. Fundurinn var fjörugur og skiptumst menn á skoðunum um málefni sveitarfélagsins, atvinnu- og velferðarmál.

Réttur starfsfólks í ferða-þjónustu í launalausu leyfi yfir jólahátíðir

Starfsmenn í ferðaþjónustu sem óska eftir að taka launalaust leyfi um jól og áramót og hafa aflað sér samþykkis viðkomandi yfirmanns skulu fá greidd dagvinnulaun í hlutfalli við starfshlutfall sitt þá samningsbundnu frídaga sem falla á virka daga á umræddu tímabili. Greiðsluskylda atvinnurekanda er háð því að starfsmaður hafi aflað sér rétt til greiðslu skv. ákvæði greinar 1.10.1 kjarasamningi aðila. Það er eftir að hafa starfað í einn mánuð.

Orlofskostir til umræðu – orlofsblað framundan

Orlofsnefnd stéttarfélaganna, það er Framsýnar, Þingiðnar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórshafnar fundaði á dögunum um orlofsmál. Til stendur að bjóða félagsmönnum upp á sambærilegt framboð af orlofskostum árið 2020 og var á síðasta ári. Ekki er annað að heyra en að félagsmenn séu ánægðir með stöðu mála hjá félögunum og með þá kosti sem eru í boði fyrir félagsmenn. Reiknað er með að gefa út fréttabréf í mars með þeim orlofshúsum og öðrum kostum sem verða í boði í sumar. Þá verður einnig auglýst sumarferð stéttarfélaganna sem er í vinnslu. Verð til félagsmanna verður mjög svipað og var síðasta sumar eða kr. 29.000 per viku í orlofshúsi.

Setið yfir orlofskostum sumarið 2020. Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna mynda sameiginlega orlofsnefnd.

Staða bókara í boði

Vegna forfalla auglýsa stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum eftir bókara til starfa í sex mánuði, lengri ráðning kemur til greina. Frekari upplýsingar gefur Aðalsteinn Árni Baldursson á Skrifstofu stéttarfélaganna, 464-6600 -www.framsyn.is.

Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k.
Um er að ræða gefandi og skemmtilegt starf með samhentu og góðu samstarfsfólki.

Stéttarfélögin

Fundur um kjarasamning starfsmanna við hvalaskoðun

Vegna endurnýjunar á kjarasamningi Framsýnar við Samtök atvinnulífsins vegna starfsmanna á hvalaskoðunarbátum á Húsavík boðar félagið til fundar með starfsmönnum hvalaskoðunarfyrirtækja fimmtudaginn 27. febrúar kl. 17:00 í fundarsal félagsins. Mikilvægt er að félagsmenn Framsýnar sem starfa á hvalaskoðunarbátum mæti á fundinn og komi sínum skoðunum á framfæri eða sendi þær á netfangið kuti@framsyn,is komist þeir ekki á fundinn.

Sjómenn óhressir með fiskverðið

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar fór fram í lok desember. Góð mæting var á fundinn og að venju urðu fjörugar umræður um málefni sjómanna. Gengið var frá kjöri á stjórn deildarinnar auk þess sem töluverðar umræður urðu um kjaramál á fundinum enda kjarasamningar lausir um þessar mundir. Undir þeim lið kom fram að sjómenn leggja mikla áherslu á að tekið verði á verðmyndunarmálum, veikindarétti sjómanna í skiptimannakerfum, framlög útgerða í lífeyrissjóði verði aukin, orlofsréttur sjómanna verði lagaður, bókunum sem gengið var frá í síðustu kjarasamningum verði fylgt eftir, fjarskiptakostnaður sjómanna verði tekinn til endurskoðunar og afnám sjómannaafsláttarins verði leiðréttur gagnvart kjörum sjómanna. Þá töldu fundarmenn að rödd Sjómannasambandsins út á við þyrfti að vera miklu sterkari.

Á aðalfundinum var gengið frá kjöri á nýrri stjórn deildarinnar, hana skipa:
Jakob Gunnar Hjaltalín formaður,
Börkur Kjartansson varaformaður,
Aðalgeir Sigurgeirsson ritari,
Aðalsteinn Steinþórsson meðstjórnandi,
Gunnar Sævarsson meðstjórnandi.

Heiðar Valur og Björn Viðar gengu úr stjórn þar sem þeir eru ekki lengur kjörgengir þar sem þeir hafa ráðið sig á fiskiskip sem ekki eru skráð á Íslandi. Þeim voru þökkuð vel unnin störf í þágu deildarinnar. Í þeirra stað komu, Aðalsteinn Steinþórsson og Gunnar Sævarsson. Frekari upplýsingar um fundinn er að finna inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is

Hressir krakkar í Borgarhólsskóla

Harpa Ásgeirsdóttir kennari og fótboltastjarna með meiru kom ásamt nemendum í 10. bekk Borgarhólsskóla í heimsókn til stéttarfélaganna í síðustu viku. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um starfsemi stéttarfélaga og skyldur fólks, ekki síst ungs fólks á vinnumarkaði. Þá var farið yfir lífeyrissparnað, uppbyggingu launaseðla og skatta. Krakkarnir voru mjög hressir og spurðu út í nánast allt milli himins og jarðar. Frábær hópur í alla staði. Rétt er að minna á að stéttarfélögin eru ávallt reiðubúin að koma með fræðslu í skóla eða á vinnustaði.

Óæskileg sameining atvinnuþróunarfélaga

Yfirlýsing
Lögð fram á stjórnarfundi í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga 29. janúar 2020.

Undirritaður, stjórnarmaður í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, gerir alvarlegar athugasemdir við sameiningu félagsins við Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar undir nafninu; Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Aðvörunarorð sem undirritaður hefur viðhaft í aðdraganda sameiningar hafa því miður flest ef ekki öll gengið eftir. Til viðbótar hefur verið illa haldið á málinu frá upphafi.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur í gegnum tíðina gengt mikilvægu hlutverki í Þingeyjarsýslum. Tilgangur félagsins hefur verið að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á starfssvæðinu og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnulífi, samfélags- og byggðaþróun. Markmið félagsins hefur auk þess verið að stuðla að jákvæðri þróun atvinnumála, bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæðinu og auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífinu.

Þá hefur félagið komið að margvíslegum verkefnum s.s. verkefninu „Brothættar byggðir" sem hófst árið 2014 á vegum Byggðastofnunar. Markmiðið með verkefninu hefur verið að styðja við byggð og stöðva fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum á Íslandi s.s. í Öxarfirði, Raufarhöfn og Bakkafirði. Hvað verkefnið varðar hefur Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga verið í forystuhlutverki í héraðinu og unnið náið með Byggðastofnun, íbúum og hagsmunaaðilum á viðkomandi svæðum.

Frá fyrstu tíð hefur verið kappkostað að stjórn Atvinnuþróunarfélagsins á hverjum tíma endurspegli skoðanir og hagsmuni sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins í Þingeyjarsýslum. Stjórnin hefur verið skipuð fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að félaginu auk fulltrúa frá atvinnurekendum (SANA) og stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslum. Í gegnum tíðina hefur samstarf þessara aðila verið til mikillar fyrirmyndar er viðkemur hagsmunum fyrirtækja, stofnana og íbúa á svæðinu, það er verið á jafnréttisgrundvelli. Reyndar verið ákveðin fyrirmynd þar sem fulltrúar atvinnulífsins hafa auk sveitarstjórnarmanna átt fast sæti í stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Þrátt fyrir stærð Norðurþings hefur sveitarfélagið ekki gert kröfu um stjórnarformennsku í félaginu.

Nú ber svo við að pólitíkin hefur ákveðið að rústa þessu samstarfi með því að leggja af starfsemi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og sameina það Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Eyþingi. Allir starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins hafa fengið uppsagnarbréf og vita því lítið um sína framtíð.

Kjörin hefur verið sjö manna stjórn skipuð sveitarstjórnarmönnum, það er fjórum fulltrúum frá sveitarfélögum við Eyjafjörð og þremur frá sveitarfélögum úr Þingeyjarsýslum. Til að tryggja vægi Akureyrar gerði sveitarfélagið kröfu um að stjórnarformaðurinn komi ávallt frá Akureyri auk þess sem sveitarfélagið verði með tvo stjórnarmenn til að

Bullandi óánægja með sameiningu atvinnuþróunarfélaga og Eyþings

tryggja stöðu sína enn frekar. Í nýrri stjórn er ekki gert ráð fyrir aðkomu fulltrúa frá atvinnulífinu. Þannig flyst valdið sem var til staðar hjá sveitarstjórnarmönnum og aðilum vinnumarkaðarins í Þingeyjarsýslum í atvinnumálum vestur um til Akureyrar.

Þrátt fyrir að ákveðið hafi verið á aukaaðalfundi Eyþings 9. apríl 2019 að starfsstöðin á Húsavík yrði jafnframt aðalskrifstofa félagsins fyrir sameinað félag virðist sem það ætli ekki að ganga eftir þar sem í endanlegum samþykktum félagsins er talað um að varnarþing félagsins verði á Húsavík. Ekki er lengur talað um að aðalskrifstofa félagsins verði á Húsavík, hvað þá að framkvæmdastjórinn hafi fasta viðveru þar.

Þá vekur athygli að Capacent sem var falið að koma að ráðningu á nýjum framkvæmdastjóra taldi ekki ástæðu til að auglýsa á starfsvæði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga eftir framkvæmdastjóra fyrir nýtt sameinað félag á Norðurlandi. Þess í stað var auglýst í miðlum á Akureyri. Eftir að undirritaður gerði athugasemd við auglýsinguna var honum þakkað fyrir ábendinguna s.br. eftirfarandi svar; „Takk fyrir ábendinguna, mjög góður punktur. Auglýsingin mun á næstunni birtast í Skránni."

Fyrir liggur að búið er að ráða framkvæmdastjóra fyrir sameinað félag og vil ég nota tækifærið og óska honum velfarnaðar í starfi um leið og ég gagnrýni stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra harðlega fyrir að sniðganga Reinhard Reynisson framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem var meðal umsækjanda.

Reinhard hefur langa og víðtæka reynslu á sviði atvinnuþróunar og starfsemi sveitarfélaga enda fyrrverandi sveitarstjóri og sveitarstjórnarmaður. Þá hefur hann gengt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir ýmsa aðila og samtök er viðkoma málefnum sem koma til með að falla undir frekari atvinnuþróun og starfsemi sveitarfélaga á Norðurlandi eysta.

Stjórn SSNE skuldar stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga rökstuðning fyrir þessari ákvörðun að horfa fram hjá ráðningu Reinhards Reynissonar í starf framkvæmdastjóra.

Að lokum vill undirritaður lýsa yfir fullum stuðningi við störf Reinhards Reynissonar í þágu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um leið og honum eru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins sem framkvæmdastjóri og fyrir ánægjulegt samstarf að málefnum félagsins í gegnum tíðina.

Aðalsteinn Árni Baldursson,
fulltrúi stéttarfélaganna í stjórn AÞ

Bækur í boði

Minnisbók stéttarfélaganna er í boði fyrir félagsmenn. Félagsmenn eru velkomnir í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna vanti þá dagbók fyrir árið 2020. Einnig er hægt að senda þær til félagsmanna í héraðinu. Sjáumst hress kæru félagar til sjávar og sveita.

Iðnaðarmenn skilja ekkert í sameiningu atvinnuþróunarfélaga

Stjórn Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum fjallaði nýlega um sameiningu atvinnuþróunarfélaganna í Þingeyjarsýslum og Eyjafirði við Eyþing sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi. Stjórnarmönnum leist afar illa á sameiningu þessara þriggja félaga/stofnanna og töldu hana ekki vera til hagsbóta fyrir atvinnu- og byggðamál í Þingeyjarsýslum. Veruleg hætta væri á því að sameiningin leiddi til þess að ákveðið frumkvæði fyrir þróun og atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum legðist af. Fyrir liggur að meirihluti stjórnar verður í höndum sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu og ekki er ólíklegt að megin starfsemi félagsins verði á Akureyri. Til viðbótar má geta þess að Akureyringar kröfðust þess að fá stjórnarformennskuna í nýja félaginu. Þá hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri að félaginu sem er búsettur á Akureyri. Fram að þessu hefur stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga verið skipuð fulltrúum frá sveitarfélögum, atvinnurekendum og stéttarfélögum í Þingeyjarsýslum á jafnréttisgrundvelli. Það er góður samstarfsvettvangur fyrir atvinnu- og byggðamál í héraðinu. Ekki er reiknað með aðkomu aðila vinnumarkaðarins í stjórn nýja félagsins auk þess sem þrír sveitarstjórnarmenn í Þingeyjarsýslum verða í stjórn af sjö manna stjórn, það er í minnihluta stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).

Samið við Tjörneshrepp

Eins og fram hefur komið gekk Starfsgreinasamband Íslands, sem Framsýn á aðild að, frá kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í kjölfarið settust fulltrúar frá Framsýn og Tjörneshreppi við samningaborðið og kláruðu gerð kjarasamnings fyrir starfsmenn hreppsins. Viðræður höfðu þá staðið yfir með hléum í nokkrar vikur. Samningurinn er á svipuðum nótum og kjarasamningur SGS og sveitarfélaganna. Þó eru að finna ákvæði varðandi launaröðun starfsmanna samkvæmt starfsmati sem kemur til með að koma vel út fyrir starfsmenn Tjörneshrepps. Hreppurinn var ekki með samningsumboðið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og því varð sveitarfélagið að semja sérstaklega við Framsýn um kjör starfsmanna. Meðfylgjandi mynd er af fulltrúum Framsýnar og oddvita Tjörneshrepps þegar kjarasamningurinn var undirritaður á dögunum.

Þingiðn kom færandi hendi

Eins og kunnugt er hefur mikið verið um útköll hjá björgunarsveitum á Norðurlandi vegna veðurofsans sem gengið hefur yfir landið undanfarnar vikur og ekki er séð fyrir endann á. Ein af þeim björgunarsveitum sem þurft hefur að takast á við krefjandi verkefni er Björgunarsveitin Garðar. Að því tilefni samþykkti stjórn Þingiðnar að styrkja björgunarsveitina um kr. 250.000. Á meðfylgjandi mynd má sjá formann Þingiðnar, Jónas Kristjánsson, afhenda fulltrúum björgunarsveitarinnar þeim Ástþóri og Birgi gjöfina til sveitarinnar. Birgir og Ástþór þökkuðu félaginu fyrir gjöfina sem kæmi að góðum notum í starfi björgunarsveitarinnar.

Auglýsing um kjör í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Framsýnar kjörtímabilið 2020-2022

AÐALSTJÓRN:		
Aðalsteinn Árni Baldursson	Formaður	Skrifstofa stéttarfélaganna
Ósk Helgadóttir	Varaformaður	Þingeyjarsveit – Stórutjarnaskóli
Elva Héðinsdóttir	Ritari	PwC- Húsavík
Jakob G. Hjaltalín	Gjaldkeri	ÚA – Þurkun Laugum
Sigurveig Arnardóttir	Meðstjórnandi	Hvammur, heimili aldraðra
Svava Árnadóttir	Meðstjórnandi	Norðurþing – Raufarhöfn
Torfi Aðalsteinsson	Meðstjórnandi	Jarðboranir hf.
VARASTJÓRN:		
Aðalsteinn Gíslason		Fiskeldið Haukamýri ehf.
Agnes Einarsdóttir		Hótel Laxá ehf.
María Jónsdóttir		Fatahreinsun Húsavíkur sf.
Þórir Stefánsson		Vegagerðin
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir		Norðurþing – Leiksk.Grænuvellir
Börkur Kjartansson		Brim hf.
TRÚNAÐARRÁÐ:		
Þráinn Þráinsson		Víkurraf ehf.
Guðmunda Steina Jósefsdóttir		Þingeyjarsveit-Þingeyjarskóli
Ölver Þráinsson		Norðlenska ehf.
Valgeir Páll Guðmundsson		Sjóvá Almennar hf.
Hermann Aðalsteinsson		PCC BakkiSilicon hf.
Guðlaug Anna Ívarsdóttir		Norðurþing – Öxarfjarðarskóli
Sverrir Einarsson		Heimavinnandi
Guðný Ingibjörg Grímsdóttir		ÚA – Þurkun hf. Laugum
Þórdís Jónsdóttir		Þingeyjarsveit – Þingeyjarskóli
Sigrún Hildur Tryggvadóttir		PCC BakkiSilicon hf.
Sigurður Jón Kristmundsson		Íslandsbleikja ehf.
Kristján Marinó Önundarson		Vegagerðin
Guðrún St. Steingrímsdóttir		Menningarmiðstöð Þingeyinga
Garðar Finnsson		Icelandair – Hótel Reynihlíð
Unnur Kjartansdóttir		Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Stjórn fræðslusjóðs:
Sigurveig Arnardóttir
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
María Jónsdóttir
Varamenn:
Aðalsteinn Gíslason
Aðalsteinn Halldórsson

Stjórn sjúkrasjóðs:
Aðalsteinn Á. Baldursson
Dómhildur Antonsdóttir
Ingibjörg Benediktsdóttir
Varamenn:
Ósk Helgadóttir
Jónína Hermannsdóttir
Linda Margrét Baldursdóttir

Stjórn orlofssjóðs:
Ósk Helgadóttir
Kristján M. Önundarson
Ásbjörn Kristinsson
Varamenn:
Linda Baldursdóttir
Sunna Torfadóttir

Stjórn vinnudeilusjóðs:
Huld Aðalbjarnardóttir
Jakob Gunnar Hjaltalín
Svava Árnadóttir
Varamenn:
Þórir Stefánsson
Agnes Einarsdóttir

Laganefnd:
Hallgrímur Jónasson
Torfi Aðalsteinsson
Sigurveig Arnardóttir
Varamenn:
Ölver Þráinsson
Heiða Elín Aðalsteinsdóttir

Kjörstjórn:
Svala Björgvinsdóttir
Þórður Adamsson
Varamenn:
Jónína Hermannsdóttir
Kristján Marinó Önundarson

Skoðunarmenn reikninga:
Hallgrímur Jónasson
Pétur H. Pétursson
Varamaður:
Rúnar Þórarinsson

Siðanefnd:
Ari Páll Pálsson, formaður
Þóra Kristín Jónasdóttir
Fanney Óskarsdóttir
Varamenn:
Friðrika Illugadóttir
Friðrik Steingrímsson

Fulltrúar í 1. maí nefnd stéttarfélaganna:
Sigurveig Arnardóttir
Aðalsteinn Árni Baldursson
Varamenn:
Guðný Ingibjörg Grímsdóttir
Þráinn Þráinsson

Heimilt er hverjum fullgildum félaga að koma með breytingartillögur um félaga í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félaga í trúnaðarstöður fyrir næstu starfsár. Breytingartillögu skal fylgja skriflega heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 40 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 80 fullgildra félagsmanna. Skylt er að koma breytingartillögum til Skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 1. mars 2020. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Rétt er að taka fram að auglýsing þessi á ekki við um kjör í stjórnir deilda innan félagsins þar sem kosið er í stjórnir deilda á aðalfundum deildanna, það er Sjómannadeildar og Deildar verslunar- og skrifstofufólks. Það sama á við um stjórn Framsýnar-ung. Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar skipar í stjórnina á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum félagslaga.

Húsavík 31. janúar 2020
Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar

Lionsklúbbur Húsavíkur

Ágætu Þingeyingar

Á undanförnum árum hefur Lionsklúbbur Húsavíkur komið að forvarnarstarfi í heilbrigðismálum. Í haust stóð klúbburinn fyrir átaki í skimun á sykursýki með mælingum á blóðsykri einstaklinga í Þingeyjarsýslum. Félagar í Lions klúbbnum stóðu að þessum mælingum og fengu aðstoð frá heilbrigðisstarfsfólki. Niðurstaða þessarar skimunar á undangengnum árum, var sú að margir fengu viðvörun um háan blóðsykur og fleiri en einn greindist með sykursýki, þannig að segja má að þetta skimunarátak hafi borið árangur. Mæling á Húsavík var 16. nóv. Síðastliðinn.

Lionsklúbbur Húsavíkur og Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík hafa í allmörg ár staðið fyrir hvatningarátaki varðandi skimun fyrir ristilkrabbameini sem er lúmskur vágestur og gerir sjaldan boð á undan sér, en á Íslandi greinast 100 - 150 einstaklingar á hverju ári með slíkt krabbamein. Miklu skiptir varðandi framtíðarhorfur að greina þetta krabbamein á frumstigi. Niðurstaða starfshóps á vegum Landlæknis skilaði skýrslu árið 2002 og mælti þá með að skimun yrði hafin fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi á Íslandi. Krabbameinsfélag Íslands hefur tekið að sér skimun á landsvísu sem miðast við 60 – 70 ára aldur og felst í leit að blóði í hægðum en sú skimun hefur enn ekki hafist.

HSN og Lionsklúbbur Húsavíkur hefur ákveðið að halda áfram sínu hvatningarátaki á næstu árum, enda er þar um annan aldurshóp að ræða og er hægt að líta svo á að landsskimun Krabbameinsfélags Íslands taki við eftir 60 ára aldurinn. Þetta hvatningarátak byrjaði árið 2012 og var það ár öllum konum og körlum 55 ára boðin ókeypis ristilspeglun og þannig byrjað á þeim Þingeyingum sem fæddust á árinu 1957. Árið 2013 mætti síðan árgangur 1958, og svo koll af kolli og á árinu 2020 verður árgangi 1965 boðin skimun. Afar góð þátttaka hefur verið í þessari skimun. Rétt er að taka fram að á HSN Húsavík eru mjög fullkomin speglunartæki, sem voru keypt fyrir gjafafé ýmissa félagasamtaka, einstaklinga og fyrirtækja og eru því aðstæður góðar til slíkrar skimunar á Húsavík. HSN mun sjá um skipulagningu og framkvæmd speglunar en Lionsklúbbur Húsavíkur verður fjárhagslegur bakhjarl og hefur klúbburinn leitað eftir fjárframlögum frá fjölmörgum aðilum og hafa undirtektir verið afar jákvæðar.

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Ef svo færi að einhver sem fæddur er 1965 fái ekki boðsbréf er hann beðinn að hafa samband við HSN á Húsavík í síma 464-0500. Kær kveðja, Heilbrigðisstofnun Norðurlands Húsavík og Lionsklúbbur Húsavíkur

Landsbankinn
SPARISJÓÐUR Suður-Þingeyinga
Íslandsbanki
SJÓVÁ
GPG SEAFOOD
Langanesbyggð
STARFSMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR
TM
Þingeyjarsveit
Þingiðn
Skútustaðahreppur - Mývatnssveit
TJÖRNESHREPPUR
FRAMSÝN
Trésmiðjan Rein ehf

Flugfargjöld stéttarfélaganna
-Aðeins fyrir félagsmenn-

Rétt er að ítreka að afsláttarkjör stéttarfélaganna gilda aðeins fyrir félagsmenn sem fljúga með Flugfélaginu Erni í einkaerindum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Ferðist félagsmenn á vegum fyrirtækja, félagasamtaka eða stofnana er þeim óheimilt að nota afsláttarkjör stéttarfélaganna eða fyrir aðra fjölskyldumeðlimi. Verði menn uppvísir af því að misnota flugmiðana hafa þeir fyrirgert frekari rétti til kaupa á flugmiðum á vegum stéttarfélaganna, Framsýnar, Þingiðnar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Stéttarfélögin

The unions airfares
-For members only-

Please keep in mind that the unions discount of airfares with Eagle air is for members only who travel between Húsavík and Reykjavík on a private errand. If members are traveling on the behalf of companies, organizations or institutions they are not allowed to use the unions discount. It is also not allowed to use the discount for other family members. It someone is caught misusing the discount fares, he or she is no longer allowed to buy fares from Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélag Húsavíkur and Verkalýðsfélag Þórshafnar.

The unions

Auglýsing um kjör í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í þingeyjarsýslum kjörtímabilið 2020-2022

Aðalstjórn:

Jónas Kristjánsson	Formaður	Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Vigfús Þór Leifsson	Varaformaður	Norðurvík ehf.
Hólmgeir Rúnar Hreinsson	Ritari	Trésmiðjan Rein ehf.
Þórður Aðalsteinsson	Gjaldkeri	Trésmiðjan Rein ehf.
Jónas Hallgrímsson	Meðstjórnandi	Trésmiðjan Rein ehf.

Aðalstjórn er jafnframt stjórn sjúkra-, orlofs- og vinnudeilusjóðs

Varastjórn:	**Vinnustaður:**
Gunnólfur Sveinsson	Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Gunnar Sigurðsson	Eimskip hf.
Daníel Jónsson	Curio ehf.
Hörður Ingi Helenuson	Fagmál ehf.

Trúnaðarmannaráð:	
Sigurjón Sigurðsson	Norðurvík ehf
Kristján G. Þorsteinsson	Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Andri Rúnarsson	Fjallasýn ehf.
Kristinn Jóhann Lund	Curio ehf.
Sigurður Helgi Ólafsson	G.P.G-Fiskverkun ehf.
Bjarni Björgvinsson	Norðurvík ehf.

Varatrúnaðarmannaráð:	
Sveinbjörn Árni Lund	Curio ehf.
Kristján Gíslason	Norðlenska ehf.
Erlingur S. Bergvinsson	Frumherji
Bjarni Gunnarsson	Bílaleiga Húsavíkur ehf.

Skoðunarmenn ársreikninga:	**Kjörstjórn:**
Jón Friðrik Einarsson	Þorvaldur Ingi Björnsson
Arnþór Haukur Birgisson	Vigfús Þór Leifsson
Varamenn:	**Varamaður:**
Steingrímur Hallur Lund	Andri Rúnarsson
Kristján Gíslason	

Kjörnefnd:	**Fulltrúi félagsins 1. maí nefnd:**
Davíð Þórólfsson	Jónas Kristjánsson
Gunnólfur Sveinsson	
Kristján Gíslason	

Heimilt er hverjum fullgildum félaga að koma með breytingartillögur um félagsmenn í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan í trúnaðarstöður næsta kjörtímabil. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 10% fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 20% félagsmanna. Skylt er að koma breytingartillögum til skrifstofu félagsins að Garðarsbraut 26, 640 Húsavík, fyrir 1. mars 2020.

Kjörnefnd Þingiðnar

Kynslóðaskipti

Elva nýr formaður verslunarmanna

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn í lok janúar. Elva Héðinsdóttir var kjörin formaður deildarinnar. Elva er 28 ára gömul og starfar hjá endurskoðunarfyrirtækinu PwC á Húsavík. Elva er boðin velkomin til starfa en markmið Framsýnar hefur verið að bjóða ungu og efnilegu fólki að taka að sér krefjandi störf fyrir félagið enda framtíðin þeirra. Aðrir í stjórn verða Trausti Aðalsteinsson varaformaður, Karl Hreiðarsson ritari og í varastjórn Anna Brynjarsdóttir og Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir. Fyrir var Jónína Hermannsdóttir formaður en hún tók við tímabundið eftir að kjörin formaður, Jóna Matthíasdóttir, hætti sem formaður þar sem hún starfaði ekki lengur undir samningssviði deildarinnar. Á fundinum voru Jónínu og Jónu þökkuð vel unnin störf í þágu deildarinnar.

Á fundinum urðu góðar umræður um kjaramál og lélega þátttöku almennt hjá fólki að taka þátt í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga. Fundarmenn voru sammála um að það væri mikið áhyggjuefni, það er þátttökuleysið. Opnunartími verslana var ræddur, vinnutímastyttingar samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og íbúðarkaup Framsýnar á Akureyri fyrir félagsmenn sem almenn ánægja er með. Hægt er að fræðast betur um fundinn með því að fara inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is

Afsláttarkjör í boði fyrir félagsmenn

Um þessar mundir standa yfir sýningar hjá Leikfélagi Húsavíkur á Litlu Hryllingsbúðinni í Samkomuhúsinu á Húsavík. Félagsmönnum stéttarfélaganna bjóðast afsláttarkjör á sýninguna. Forsendan er að félagsmenn komi við á Skrifstofu stéttarfélaganna áður en þeir fara í leikhúsið og fái afsláttarmiða hjá félögunum. Afsláttur-inn er ekki í boði komi menn eftir leiksýninguna. Verð til félagsmanna er kr. 2.000,-. Einn miði er í boði fyrir hvern félagsmann sem fer á sýninguna.

Séreignarsparnaður Íslandsbanka

Viltu safna fyrir íbúð?

Séreignarsparnaður er ein hagkvæmasta sparnaðarleiðin sem er í boði í dag. Þú getur skráð þig í séreignarsparnað á vefnum á aðeins örfáum mínútum.

islandsbanki.is/sereignarsparnadur

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is